



Grunnskóli Hornafjarðar

**Valhefti fyrir smiðjur og val
í 8. bekk
veturinn 2019 - 2020**



Þetta valhefti er fyrir nemendur sem verða í 8. bekk næsta vetur. Eftir því sem nemendur eldast er lögð áhersla á að auka val í samræmi við þroska þeirra og getu. Þannig gefst nemendum kostur á að dýpka skilning sinn á ákveðnum viðfangsefnum um leið og þeir efla ábyrgð sína á eigin námi. Þeir og foreldrar þeirra eru því beðnir að kynna sér vel innihald bæklingansins.

Smiðja í 8. bekk

7. og 8. bekkingar eru í sex smiðjutímum á viku. Hver smiðja stendur í 8 – 9 vikur og komast nemendur því í fjórar smiðjur yfir veturinn. Í boði verða heimilisfræði, leiklist, myndlist, smíðar, textílmennt, tölvur og FabLab. Hér á eftir fylgir nánari lýsing á því sem er í boði í hverri smiðju og eru nemendur beðnir að velja þær fjórar smiðjur sem þeir kjósa helst og eina til vara því hugsanlegt er að einhverjir fái ekki allar þær smiðjur sem þeir óskuðu helst eftir.

Heimilisfræði

Í heimilisfræði verður lögð áhersla á að fræðast um fjölbreytt mataræði og mismunandi matarmenningu. Nemendur fá tækifæri til að nýta spjaldtölvurnar við vinnu sína og að koma að heiman með uppskriftir sem hægt er að vinna úr.



Leiklist - Árshátíð

Í fyrstu leiklistarsmiðjunni verður unnið að því að setja upp söngleik fyrir Árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar. Hér er tækifæri til þess að kynnst ýmsum þáttum leikhúsvinnunnar. Þessa smiðju geta þeir valið sem hafa áhuga á tæknivinnu, svo sem ljósum o.fl..




Leiklist

Í leiklist verða sett upp stutt leikrit þar sem nemendur hafa tækifæri til að setja sig í spor annarra.

Textílmennt

Í þessari smiðju verður farið í endurnýtingu og verkefni þar sem er heklað, prjónað eða þæft. Einnig verður farið í undirstöðuatriðin í fatasaumi og saumað peysu eða náttbuxur. Hér búum við til fatnað, töskur, púða og ýmislegt skemmtilegt.



Myndlist

Í myndlist er unnið á fjölbreyttan hátt og grunnþættir myndlistar, formfræði, litafræði og myndbygging, hafðir í huga við myndsköpunina. Nemendur vinna fjarviddarmyndir og uppstillingar. Unnið er með fjölbreytt viðfangsefni í teiknun og málun og einnig unnið með mótun í leir. Unnin er dúkrista og fjölfelldi skoðað bæði í grafík og annarri vinnu. Þeir sem velja myndmennt í 7. bekk geta alveg valið hana aftur í 8. bekk þar sem ekki er farið í sömu þætti tvö ár í röð. Nemendur safna verkum sínum í möppu og fara með heim að skólaárinu loknu.



Smíðar



Ýmis vinna í smíðastofunni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín með aðstoð smíðakennara.

Tölvur

Í þessari smíðju er farið í almenna tölvuvinnu og hvernig hægt er að nýta tölvutæknina til að vinna alls konar skólaverkefni bæði í gegnum ritvinnslu, myndvinnslu, kvikmyndir og tónlist. Farið verður í kvikmyndabrellur og furðufígúrir (animation). Unnið verður með ýmis brelluforrit, sbr. action-movie, animation, green-screen, stop-motion, ásamt hefðbundnum tæknibrellum. Myndvinnsla er ávallt fyrir birtingu á youtube. Lögð er áhersla á ábyrgð og siðferði í tölvunotkun, hvernig maður getur metið hvort upplýsingar séu áreiðanlegar og hvernig upplýsingar er í lagi að setja frá sér.



Fab-Lab

Námskeiðið byggist á því að nemendur geti nýtt sér helstu tæki og áhöld sem notuð eru í Fab-Lab. Geti þróað hugmyndir sínar sjálfstætt og undir leiðsögn kennara og nýti sér vinnuferlið frá hugmynd til afurðar með því að hanna og teikna og að lokum framleiða sína eigin afurð.




Valhópar í 8. – 10. bekk

Einn 60 mínútna tími í viku verður ætlaður í val næsta vetur þar sem nemendur í 7. – 10. bekk munu blandast saman. Valtímabilin verða fjögur, tvö fyrir áramót og tvö eftir áramót. Sumt val er þess eðlis að það nær yfir tvö tímabil eða jafnvel fjögur. Hver nemandi á að velja sér tvo hópa númer 1, tvo númer 2 og tvo númer 3. Reynt verður að koma öllum í fyrsta val en reynslan sýnir að það er ekki alltaf hægt og því er mikilvægt að nemendur séu sáttnir við allt sem þeir velja sér.

1. Danska

Viltu auka færni þína í dönsku? Viltu fræðast um danska menningu og siði? Viltu horfa á spennandi og góðar danskar myndir? Komdu þá í dönskuval það verður bara gaman.



2. Stærðfræði

Viltu verða betri í stærðfræði? Viltu ná meiri árangri, læra meira, fá meiri aðstoð, þá skaltu endilega koma í þetta val.

3. Spænska

Quieres aprender español?

Langar þig til þess að læra spænsku. Á þessu námsskeiði verður boðið upp á grunn í spænsku sem gæti nýst ykkur bæði á ferðalögum og sem grunnur í áframhaldandi spænskunámi. Námið verður byggt upp á nokkrum meginþáttum eða þemum þar sem þið lærið orð, setningar út frá þessum þemum.

Þessi þemu eru;

- Kynningar og kveðjur
- Fjölskyldan og vinir / hvaðan kemur þú?
- Tölur og litir
- Dagar og mánuðir
- Matur og drykkur
- Verslanir og þjónusta



4. Heimavinna

Vantar þig aðstoð við heimanám? Langar þig að spjalla um heima og geima? Viltu reyna þig í stærðfræðispilum eða þrautum? Mælt er með því að þeir sem vilja fá ró og næði komi í þennan hóp. Þar verður nóg að gera en allt í rólegri kantinum.



5. Fingrasetning

Hér er farið í að æfa rétta fingrasetningu, læra stöðu bókstafa á lyklaborðinu til að æfa og bæta innsláttarhraða sinn án þess að þurfa að horfa á lyklaborðið.

6. Breakout - EDU

Breakout EDU er skemmtilegur leikur sem snýst um að brjótast inn í læsta kassa og leysa þrautir. Þessir þrautaleikir eru orðnir mjög vinsælir um allan heim í svokölluðum Escape herbergjum. Í þessu vali munum við spila leiki en líka það allra skemmtilegasta búa til nýjar þrautir fyrir aðra hópa að leysa.

RSTU 7. Skrautskrift

12345 Nemendur þjálfast í að skrautskrifa. Farið verður vandlega í abcdefg! grunnatriðin og einnig hvernig skreyta má skriftina meira.

8. Söngur

Í þessu vali syngjum við saman, æfum lög og flytjum við tækifæri.



9. Zumba



Heitasti danstíminn í dag þar sem stuð og dillandi stemmning er allsráðandi. Tími fyrir alla sem elska að dansa þar sem gleymir þér algjörlega í og þú lærir fullt af dönsnum.

10. Útskurður

Kenndar eru undirstöður í útskurði og skorið er út mynd í tré.



11. Konfektgerð

Farið er í grunnþætti konfektgerðar, gerð fyllinga og steypingu í konfektform. Nemendur búa til sína eigin mola og fá að taka með sér heim.



12. Kökur og kökuskreyingar

Nemendur læra að baka bæði kökur og bollakökur og síðan skreyta þeir þær með smjörkreymi og sykurmassa.

13. Útivera



Göngutúrar, leikir, ljósmyndun, munsturgerð, tálgun og ýmsar skreytingar. Allar hugmyndir af útiveru vel þegnar.

14. Kósýstundir í textílstofu

Unnið verður með nokkrar tegundir textíla, skylduverkefni og valverkefni. Jólin nálgast og þau hafa eflaust áhrif á verkefnagerð.




15. Skólahreysti

Æft verður fyrir skólahreysti sem haldin er á Egilsstöðum árlega. Mikið þrek, armbeygjur, upphíingar, dýfur og hreystigrip.



16. Íþróttaval



Í þessu vali verða hinar ýmsu íþróttagreinar teknar fyrir, fótbolti, handbolti, körfubolti, bandý, bandminton, blak og snjóboltastríð. Markmiðið er að allir taki vel á því og hafi gaman af.

17. Spilaval



Í valinu kynnumst við ýmiskonar borðspilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum. Spil eins og Kaleidos, Village-

Varúlfaspil, Apple and apple, Catan, Dixit, Suspend, Fiasko, Carrassone, Ticket to ride, Sequence o.fl. sambærileg spil. Við kynnumst spilunum og reglum sem fylgja hverju spili fyrir sig.

18. Golf

Þetta val er fyrir þá sem vilja læra golf eða verða betri í golfi. Staða, grip, sveifla og fleira kennt og æft. Þetta val verður einungis kennt á fyrra tímabilinu og þeir sem velja það verða sjálfir að koma með golfsettið.



19. Hlutverkaleikur – gefum ímyndunaraflinu lausan tauminn

Nemendur fá að kynna nýjustu útgáfu hlutverkaspilsins Dungeons and Dragons (5. útgáfa). Nemendur læra að skapa sína eigin persónu út frá reglum leiksins, velja sér



útlit, hæfileika, hlutverk og ákveða svo

bakgrunn persónunnar. Þegar persónur eru fullskapaðar er hægt að hefja leikinn sem snýst um að leikmenn sýni samstöðu og leysi ákveðin verkefni í sögu sem getur tekið óvænta stefnu. Eina sem nemendur þurfa að hafa með sér er góða skapið og vilja til að skapa og taka þátt í ævintýri þar sem álfar, dvergar, drekar og alls kyns ófreskjur geta komið við sögu.

20. Kátakot

Finnst þér gaman að vera með börnum? Kanntu skemmtilega leiki, bæði inni og úti sem þú gætir kennt og farið í með yngri börnum? Í Kátakoti eru börn í 1.-4. bekk sem langar mikið að fara í leiki með eldri



krökkum. Þetta val gæti verið á öðrum dögum en fimmtudögum og þá verið frá kl. 14:30-16:00 en þá fellur fimmtudagstíminn niður í staðinn. Ef þetta er eitthvað fyrir þig skaltu endilega skrá þig í þetta val.

Valblað í 8. bekk

Nafn: _____ bekkur: _____

Smiðja

Nú átt þú að velja þér þær fjórar smiðjur sem þú helst vilt fara í með því að merkja frá einum og upp í fjóra. Þú þarft einnig að velja á milli þeirra þriggja smiðja sem eftir standa og merktu 5 við þá sem þú vilt frekar því hugsanlega getur svo farið að einhverjir fái ekki allar smiðjurnar sem þeir óskuðu eftir. Merktu **frá 1 – 5**.

Heimilisfræði	()	Myndmennt	()
Leiklist - Árshátíð	()	Smíðar	()
Leiklist	()	Tölvur	()
Textíl	()	Fab-Lab	()

Valhópur

Nú átt þú að velja þér valhópa fram að jólum. Þú átt að velja fyrir tvö tímabil þannig að þú þarft að velja 1 tvisvar sinnum, 2 tvisvar og 3 tvisvar sinnum. Reynt er að koma sem flestum í 1. val en ef það tekst ekki þá er notað 2. eða 3. val.

Danska	()	Konfektgerð	()
Stærðfræði	()	Kökur og kökuskreytingar	()
Spænska	()	Útivera	()
Heimavinna	()	Kósýstundir í textíl	()
Fingrasetning	()	Skólahreysti	()
Breakout - EDU	()	Íþróttaval	()
Skrautskrift	()	Spilaval	()
Söngur	()	Golf	()
Zumba	()	Hlutverkaleikur	()
Útskurður	()	Kátakot	()

Ath. Við skólasetningu verður þér gefinn kostur á að sjá í hvaða vali þú hefur lent. Ef þér þykir eitthvað athugasvert við það mátt þú koma með foreldrum þínum og ræða breytingar. **Eftir það verður ekki hægt að breyta.**

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 10. maí 2019